

Stórviðburðir í skítaveðri

Það áttu sér nú engir smáviðburðir stað í listalífinu um síðustu helgi. Maður lifandi, hvað var gaman að taka þátt í því, fá að vera þar sem ríkir og frægir eru í öllum sínum elegans.

Byrjaði á sýningu **Ólafs Elíassonar** í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Gasalega langt nafn og hefði kannski verið sniðugt að kalla það bara Erróstaði, eins og hitt Reykjavíkursafnið er kallað Kjarvalsstaðir. Hefði verið stíll yfir því. En hvað sem því líður, þá var undirrituð vægast sagt spennt að sjá verk þessa annálaða listamanns hver enginn annar

Það gladdi mitt litla hjarta hvað frumsýningargestir voru klæddir við hæfi.

eins er af íslensku bergi brotinn. Svei mér þá. Fannst verulega orginal að steinflísaleggja gólf og setja spegla í loft. Þvílík list. Var hugfangin. En það voru það ekki allir. Það voru auðvitað þarna alls konar „lyseslukkerer“ sem hristu haus og þóttust vita betur en listfræðingar í útlöndum, fannst þetta ekki neitt neitt. Sögðu að stærðfræðilegu pinnaverkin á efri hæðinni væru bara útfærsla á mekkanói eins og þeir hefðu raðað saman í æsku. Asnar.

Það er auðvitað þekkt staðreynd að mesta listin er auðvitað sú sem hæfileikalausustu aularnir telja sig geta skapað jafn vel og listamaðurinn sjálfur. Ekki satt? En sem betur fer var líka þarna fólk sem hafði lesið það sem skrifað hafði verið um listamanninn og vissi því hvers konar heimsviðburður var þarna á ferðinni.

En það var ekki síður gaman að skoða hverjir hafa áhuga á listum á Íslandi. Kom mér reyndar á óvart hvað leiklistargeirinn mætti vel. Hélt að hann hefði bara áhuga á sjálfum sér. En þarna voru meðal annarra **Ingvar Sigurðsson** sem er alveg dásamlegur í kvikmyndinni Kaldaljós og kona hans **Edda Arnljótsdóttir**, sérlega aðlaðandi og hæfileikarík leikkona sem því miður sést aldrei nema í litlum leiðindahlutverkum, **Baltasar Kormákur**, **Arnar Jónsson**, **Hilmar Oddsson**, **Friðrik Þór Friðriksson**, vinur hans, **Einar Már Guðmundsson** rithöfundur og hinn frábæri útvarpsmaður **Sigurður G. Tómasson**, haugur af myndlistarmönnum, til dæmis **Ásrún Kristjánsdóttir**, **Þórður Hall**, **Ingileif Thorlacius**. Og auðvitað var Íslandsmógúllinn **Björgólfur Guðmundsson** á svæðinu. Þetta var afskaplega vel lukkað allt saman þrátt fyrir afleitt veður og að allir væru í stórhríðarúlpum og skaflaskótaui – sem dró nú aðeins úr elegansinum. Er ekki hægt að stilla svona stórsýningum á sumrin til þess að mannskapurinn geti verið dálítið smart?

Næsti stórviðburður var svo frumsýning á Chicago á sunnudagskvöldið. Veðrið og færðin bauð nú upp á að gestir mættu í Landmannalaugadressum – en ó, auðvitað. Það er fatahengi í Borgarleikhúsinu, þótt ekki hafi verið hugsað fyrir slíku í listasafninu sem splæst var í þessu langa nafni. Og það verður að segjast eins og er að það gladdi mitt litla hjarta hvað frumsýningargestir voru klæddir við hæfi. Ég veit hvernig fólk á að mæta til fara á frumsýningu. Punktur.

Í sínu fínasta pússi voru þarna leikkonurnar **Edda Björgvins** og **Edda Björg Eyjólfsdóttir**. Stórleikarinn **Arnar Jónsson** á staðnum til þess að fagna virkilega listrænum sigri eiginkonunnar, **Þórhildar Þorleifsdóttur** sem er leikstjóri Chicago. Elegant að vanda voru hjónin **Svava Johansen** og **Bolli** í Sautján, sjónvarpsmaðurinn aðlaðandi **Þórhallur Gunnarsson**, ásamt sinni konu, **Brynju Nordquist**. **Einar Kárason** rithöfundur lét sig ekki vanta og þá ekki rithöfundurinn **Þórður Hrafnsson**, sem var á staðnum ásamt sinni konu, **Melkorku Teklu Ólafsdóttur** leikstjóra og leiklistarráðunauti. Forseti Íslands, herra **Ólafur Ragnar Grímsson**, heiðraði frumsýninguna ásamt eiginkonu sinni **Dorrit**, og af fjölmiðlafólki var þó nokkuð: **Sigurður G. Tómasson** aftur mættur, ásamt sinni konu, **Steinunni Bergsteinsdóttur**, og þarna voru **Gerður Kristný** ritstjóri Mannlífs með herra sem líklega er hennar maður (þarf að komast að því), auk **Kristjáns Þorvaldssonar** ritstjóra Séð og heyrt.

Enda – hver vildi ekki vera á frumsýningu á Chicago? Ótrúlega glæsileg sýning. Mikið gasalega er talenterað leikhúsfólk á Íslandi. Hefði bara ekki trúað þessu. Bara leikarar – en geta sungið og dansað eins og það sé ekki erfiðara en að drekka vatn. Og búningarnir...

Þeir voru alger klassi. *flugan@mbl.is*



Sigurbjörn Einarsson og Pétur Sigurgeirsson.



Eyjólfur Pálsson og Friðrik Weisshappel í Listasafni Reykjavíkur.

Ljósmyndir: Eggert



Sigurlaug Margrét Jónasdóttir, Eva María Jónsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir og Gígja Tryggvadóttir.



Júlíana Sigurðardóttir, Ólöf Pálsdóttir og Sólveig Pétursdóttir.



Edda Björgvinsdóttir, Róbert sonur hennar, Sólveig og Valgerður Matthíasdóttir.



Herdís Anna Jónasdóttir og Þórunn Arna Kristjánsdóttir á frumsýningu Chicago.

HÉR OG ÞAR Um síðustu helgi var opnuð sýning Ólafs Elíassonar í Listasafni Reykjavíkur og söngleikurinn Chicago var frumsýndur í Borgarleikhúsinu.



Svava Johansen, Viðar Pétursson, Bolli Kristinsson og Lovísa Árnadóttir.



Ljósmyndir: Jim Smart

Ragnhildur Hjaltadóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.



Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Jónatan Grétarsson.